



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík **Rammamningur um bifreiðar nr. 15321.**

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð þann 29. mars sl, þessu útboði var skipt í tvo hluta:

- Hluti 1: Kaup á bifreiðum
- Hluti 2: Leiga á bifreiðum

Skiluðu 8 fyrirtæki inn tilboðum, sbr. neðangreind tafla.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Hluti 1	Hluti 2
1 Bílaumboðið Askja ehf.	X	
2 ALP hf.		X
3 Hekla hf.	X	
4 Höldur ehf. Bílaleiga Akureyrar		X
5 Brimborg ehf.	X	X
6 Kraftur hf.	X	
7 BL ehf.	X	X
8 AKA ehf.		X

Óskað var eftir aðilum til að taka þátt í ofangreindum hlutum, heimilt var að taka þátt í öðrum hlutanum eða í báðum.

Í grein 0.8 í útboðsgögnum segir „Að lágmarki verður samið við 3 aðila í hvorum hluta. Berist færri tæk tilboð í hluta verður öllum tilboðum í þeim hluta hafnað. Samið verður við alla aðila er uppfylla hæfiskröfur útboðsgagna í viðkomandi hluta.“

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboðin hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi og er niðurstaðan þessi:

Í hluta 1 voru öll tilboðin gild og því er lagt til að semja við þau fyrirtæki sem skiluðu inn tilboði en þau voru: Bílaumboðið Askja ehf, Hekla hf, Brimborg ehf, Kraftur hf, og BL ehf.

Í hluta 2 voru öll tilboðin gild og því er lagt til að semja við þau fyrirtæki sem skiluðu inn tilboði en þau voru: ALP hf, Höldur ehf Bílaleiga Akureyrar, Brimborg ehf, BL ehf og AKA ehf.

Innkaup sem eru áætluð yfir 1.000.0000 kr án VSK innan hluta 1 og 2 fara fram með örútbodum sem öllum aðilum viðkomandi hluta býðst þátttaka í. Ef áætluð innkaup innan hluta 1 og 2 eru og undir 1.000.000 kr. án VSK ber kaupanda að gera verðsamanburð á milli aðila í viðkomandi hluta og velja hagkvæmasta kost. Þar sem því verður komið við verða hreinorkubílar notaðir.

Virðingarfyllst,
Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa